

Mars 2007

Hugmyndir að byggð á Kársnesi Kópavogi

Greinargerð um athugasemdir

Auglýstar voru hugmyndir að skipulagi á Kársnesi í desember 2006
Athugasemdir bárust til og með 1. febrúar 2007.

1. Inngangur

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu þætti sem fram koma í innsendum athugasemdum við þær hugmyndir að byggð á utanverðu Kársnesi, sem kynntar voru í Salnum 13. desember 2006, ásamt stuttri umsögn um hvern þátt fyrir sig.

2. Uppbyggingarmagn.

Í nær öllum athugasemdunum er beint eða óbeint mælt gegn uppbyggingarmagninu.

Umsögn: Þétting byggðar er eitt af meginmarkmiðum gildandi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun. Byggð á Kársnesi verður þó ekki aukin umfram það sem umhverfið og gatnakerfið á nesinu þola með góðu móti. Tekið verður tillit til athugasemda við þær hugmyndir, sem kynntar voru í Salnum 13. desember 2006, og verður uppbygging á utanverðu Kársnesi minnkuð frá því sem hugmyndirnar gera ráð fyrir.

Í sumum tilvikum er fallist á minni uppbyggingu með því skilyrði að hún verði af sama “karakter” og núverandi íbúðarbyggð.

Umsögn: Lóðarhafar munu ekki hafa áhuga á að rífa núverandi atvinnuhúsnæði og byggja í staðinn nýtt húsnæði nema það borgi sig fjárhagslega. Tiltölulega þétt íbúðarbyggð er því eini raunhæfi kosturinn.

3. Umferðarmál.

Í flestum tilvikum þegar uppbyggingarmagni er andmælt þá er það vegna þess að bréfritarar hafa m.a. áhyggjur af umferðarlegum afleiðingum. Í mörgum tilvikum koma fram áhyggjur af því að gatnakerfið á Kársnesi anni ekki umferðinni og slyshætta aukist.

Umsögn: Þétting byggðar á utanverðu Kársnesi mun aðallega leiða til aukinnar umferðar á Kársnesbraut. Unnt er að auka flutningsgetu götunnar upp í nálægt 20 þúsund bíla á sólarhring með því að setja upp umferðarljós og gera sérakreinar fyrir beygjustrauma á gatnamótum við Hábraut, Urðarbraut og Vesturvör. Sett verða undirgöng undir Vesturvör á móts við Bryggjuhverfið. Þessar aðgerðir munu auka umferðaröryggi. Bæjaryfirvöld hafa ákveðið að kanna möguleikann á umferðartengingu yfir eða undir Fossvoginn milli hafnarsvæðisins annars vegar og Vatnsmýrarsvæðisins hins vegar. Með slíkri tengingu myndi umferð um Kársnesbraut aukast minna en ella. Tiltölulega lítil aukning verður á umferð um Borgarholtsbraut og Kópavogsbraut, einkum þar sem þau gatnamót anna ekki mikið meiri umferð. Engu að síður er full ástæða er til auka umferðaröryggi á þessum götum, einkum í grennd við Kársnesskóla, t.d. með aðgerðum til að draga úr ökuhraða.

Til að léttja þrýstingi af mótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar verður m.a. gert hringtorg á rampa sem liggur frá Borgarholtsbraut inn á Hafnarfjarðarveg til suðurs. Með því verður mögulegt annars vegar að aka frá Kópavogsbraut inn á Hafnarfjarðarveg til suðurs og hins vegar frá Kópavogsbraut til norðurs inn á Borgarholtsbraut. Auk þess

verður gerður rampi fyrir hægri beygju af Hafnarfjarðarvegi inn á Nýbýlaveg, þegar hann verður færður til norðurs og tvöfaldaður milli Hafnarfjarðarvegjar og Birkigrundar.

Auk þess koma fram áhyggjur um umferðarhávaða og loftmengun, einkum hjá bréfriturum sem búa í grennd við Kársnesbraut:

Umsögn: Umferðarhávaði mun einkum aukast í grennd við Kársnesbraut, ef ekki verður ráðist í sérstakar mótvægisáðgerðir. Ýmsar áðgerðir koma til greina og verða þær skoðaðar í hverju tilviki fyrir sig. Á þessu ári er t.d. fyrirhugað að setja upp hljóðvarnarvegg að norðanverðu við Kársnesbraut á kaflanum milli Sæbólsbrautar og Urðarbrautar. Hljóðvist norðan veggjarins verður umtalsvert betri, þrátt fyrir aukningu á umferð. Við Kársnesbraut að sunnanverðu er erfitt að koma fyrir hljóðvarnarvegg, en rétt er að benda á að veittir eru styrkir til að skipta yfir í sérstakt hljóðvarnargler í gluggum, á þeim stöðum þar sem umferðarhávaði utanhúss við glugga er yfir 65 dB(A). Mengun vegna svifryks mun aukast með vaxandi byggð á höfuðborgarsvæðinu, óháð því hvort byggð verður þétt á Kársnesi eða ekki, ef ekki verður gripið til sérstakra mótvægisáðgerða. Á næstu árum verður að minnka mengun vegna svifryks vegna tilskipunar Evrópusambandsins. Í því sambandi er m.a. rætt um að draga úr notkun nagladekkja. Einnig má sprauta sérstökum efnum (t.d. magnesíumklóríð) á götur til að binda svifrykið. Miðað við að auknar kröfur verði uppfylltar mun það koma íbúum á Kársnesi til góða jafnt sem öðrum íbúum á höfuðborgarsvæðinu.

Sumir bréfritarar mótmæla aukningu á þungaumferð.

Umsögn: Umferð stórra vöruflutningabíla vegna flutninga á farmi að og frá skipum er aðeins lítið brot af umferð um Kársnesbraut í dag og er ekki gert ráð fyrir að þessi umferð aukist frá því sem er í dag. Hins vegar mun fyrirhuguð uppbygging á atvinnuhúsnæði á hafnarsvæðinu, samtals um 54.000 m² að gólfplatarmáli, skapa umferð bæði stórra bíla, sendiferðabíla og fólksbíla. Á móti kemur að stór hluti núverandi atvinnuhúsnæðis á utanverðu Kársnesinu mun víkja fyrir íbúðarbyggð, ef skipulagshugmyndirnar verða að veruleika, þannig að heildarumferð stórra bíla á Kársnesinu mun verða svipuð og í dag.

4. Útsýni.

Sumir bréfritarar, einkum íbúar vestast á Kársnesinu, gera athugasemdir við þá skerðingu á útsýni sem byggð við utanvert Kársnes myndi valda.

Umsögn: Á afmörkuðum svæðum næst uppbyggingarsvæðum á utanverðu Kársnesi verður nokkur skerðing á útsýni, einkum til sjávar. Heildirænt séð verður útsýnisskerðingin lítil, þar eð fyrirliggjandi byggð hallar upp frá uppbyggingarsvæðunum, þannig að eftir því sem fjær og ofar dregur verður útsýnisskerðingin minni. Atvinnuhúsnæði sem er þarna víða í niðurníðslu og í ósnyrtilegu umhverfi myndi víkja fyrir nýjum byggingum í fallegu umhverfi. Þar sem útsýnisskerðingin verður mest mun ávinningur af breyttu umhverfi verða mestur. Telja má víst að breytt landnotkun á utanverðu Kársnesi muni leiða til verðhækkunar á íbúðum í grennd við uppbyggingarsvæðin.

5. Landfyllingar.

Sumir bréfritarar telja að landfyllingar muni hafa neikvæð áhrif á umhverfi.

Umsögn: Landfyllingar geta haft neikvæð áhrif á umhverfi. Með landfyllingum er hins vegar unnt að þetta byggð enn frekar, sem er jákvætt, sbr. ofangreint. Talið er líklegt að heildaráhrif landfyllinga á umhverfi verði jákvæð. Það verður skoðað nánar við frekari skipulagsvinnu.

6. Stórskipahöfn.

Hluti bréfrítara gerir athugasemdir við umfang Kópavogshafnar og sumir þeirra vilja að aðstaða fyrir stór skip verði fjarlægð.

Umsögn: Töluverð fjárfesting liggur í mannvirkjum Kópavogshafnar. Auk þess er í næsta nágrenni við höfnina mikið af nýju atvinnuhúsnæði, sem ekki borgar sig að rífa til að byggja í staðinn íbúðarbyggð. Þessar byggingar er líka mun snyrtilegri og fallegri en eldra atvinnuhúsnæði sem stendur fjær og munu að miklu leyti skerma stórskipahluta hafnarinnar frá íbúðarbyggð.

7. Samráð við íbúa.

Sumir bréfritarar óska eftir því að bæjaryfirvöld hafi meira samráð við þá og aðra hagsmunaaðila áður en endanlegar ákvarðanir um skipulag eru teknar. Í nokkrum tilvikum er óskað eftir íbúðarþingi eða sérstakri atkvæðagreiðslu um málið.

Umsögn: Þær hugmyndir að byggð á Kársnesi, sem kynntar voru í Salnum 13. desember 2006, eru í endurskoðun og nánari vinnslu. Formlegar skipulagstillögur verða auglýstar til kynningar og gefinn kostur á athugasemdum, eins og lög gera ráð fyrir, áður en tillögurnar verða endanlega afgreiddar.

Reykjavík, 6. mars 2007

Þórarinn Hjaltason